



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um Ábyrgðasjóð launa (heildarendurskoðun) FRN24060029
Ráðuneyti og skrifstofa	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Skrifstofa vinnumarkaðar og almannatrygginga.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	7.7.2026

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?
Lög um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, voru sett árið 2003. Í ljósi breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði síðan þá og í ljósi ábendinga m.a. frá stjórn Ábyrgðasjóðs launa og Ríkisendurskoðun þykir tilefni til að endurskoða lögin í heild sinni. Þá þykir slík endurskoðun í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hagræða í ríkisrekstri og einfalda stjórnsýslu.

B. Markmið

- Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).**
Samkvæmt fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 er eitt helsta markmið hins opinbera á málefnasviði 30.1 (vinnumál og atvinnuleysi) að draga úr árlegum útgjöldum. Endurskoðun á ákvæðum laga um Ábyrgðasjóð launa er hluti af þeirri viðleitni og miðar að því að stuðla að skilvirkari og hagkvæmari framkvæmd hjá Ábyrgðasjóði launa.
- Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.**
Markmiðið með endurskoðuninni og setningu nýrra heildarlaga er meðal annars að eyða óvissu og leysa túlkunarvanda í framkvæmd, einfalda stjórnsýslu, nútímavæða afgreiðslu sjóðsins með stafrænum lausnum og stuðla að hagræðingu í ríkisrekstri.

C. Útfærsla

- Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Áformað er að leggja til ný heildarlög um Ábyrgðasjóð launa þar sem ljóst þykir að markmiðum sem stefnt er að verður ekki náð með öðrum leiðum. Með nýjum lögum er stefnt að því að framkvæmd í málaflokknum verði skýrari og fyrirsjáanlegri.
- Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).**
Á ekki við.

D. Breytingar

Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.
Fyrirhugað er að leggja til að ábyrgðartímabil á kröfum lífeyrissjóða um iðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga verði stýtt. Skoðað verður hvort tilefni sé til að undanskilja kröfur frá styttingunni þar sem um er að ræða ótilgreind iðgjöld skv. 5. mgr. 6. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Samkvæmt 4. gr. laga

um Ábyrgðasjóð launa tekur ábyrgð sjóðsins til krafna sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag. Jafnframt er ætlunin að skoða hvort rétt sé að breyta 2. mgr. 6. gr. laganna á þá leið að greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði komi til frádráttar kröfum sem gerðar eru fyrir sama tímabil, líkt og er raunin með atvinnuleysisbætur og atvinnutekjur. Þá verður lagt til að stjórn Ábyrgðasjóðs launa verði lögð niður. Einnig verður lagt til að ákvarðanir Ábyrgðasjóðs launa verði kæránlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála í stað félags- og húsnæðismálaráðuneytisins. Auk þess verður lagt til að orðskýringarkafli verði bætt við löggjöfina og tiltekin ákvæði reglugerðar nr. 462/2003, um Ábyrgðasjóð launa verði tekin upp í lögin og reglugerðin felld brott.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Horft verður til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/94/EB frá 22. október 2008 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota við gerð frumvarpsins. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Aðilar vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun og lífeyrissjóðir. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Málefni lífeyrissjóða heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., heyra undir málefna svið dómismálaráðuneytis. Samráð verður haft við ráðuneytin eftir því sem tilefni þykir til. Samráð sem þegar hefur farið fram. Tillaga um lagabreytingu kom frá stjórn Ábyrgðasjóðs launa og Vinnumálastofnun. Ráðuneytið hefur átt fundi með starfsfólki Vinnumálastofnunar sem sinnir málefnum Ábyrgðasjóðs launa. Þá hafa tillögur um endurskoðun á ábyrgðartímabili lífeyrissjóðskrafna verið bornar undir lífeyrissjóði með milligöngu fjármála- og efnahagsráðuneytis. Auk þess var starfandi starfshópur um heildarendurskoðun á lögum um Ábyrgðasjóð launa á árunum 2023-2024, en hlé var gert á þeirri vinnu. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Auk kynningar á áformum og drögum að frumvarpi í Samráðsgátt stjórnvalda verður haft samráð við hagsmunaaðila eftir því sem vinnunni framvindur og við á.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Gert er ráð fyrir að fyrirhugað frumvarp hafi í för með sér lægri útgjöld hjá Ábyrgðasjóði launa vegna styttra ábyrgðatímabils á lífeyrissjóðskröfum. Þá er gert ráð fyrir lægri útgjöldum vegna niðurlagningar á stjórn sjóðsins. Ljóst þykir að sparnaður ríkissjóðs vegna fyrirhugaðra breytinga kann að vera misjafn milli ára og fer eftir því hvaða leið er valin m.t.t. ábyrgðatímabils lífeyrissjóðskrafna. Samantekið m.v. þau gögn sem liggja fyrir á þessum tímapunkti gæti árlegt framlag úr ríkissjóði lækkað á bilinu 43 – 440 m.kr. við þessar breytingar.

H. Gildistaka og næstu skref	
1.	Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Gert er ráð fyrir að frumvarpið geti tekið gildi eftir samþykkt þess á Alþingi. Innleiðing fyrirhugaðra lagabreytinga er talin tiltölulega einföld þar sem þær lúta að afmörkuðum þáttum og snúa að breytingum á verklagi. Fyrirhugaðar breytingar frá núverandi löggjöf krefjast aðlögunar á verklagi hjá Vinnumálastofnun og lífeyrissjóðum en gert er ráð fyrir að breytingarnar kalli á stuttan aðlögunartíma.
2.	Mælikvarðar á árangur. Árangur má mæla með því að fylgjast með þróun á útgjöldum sjóðsins, þá sérstaklega í tengslum við útgjöld sjóðsins vegna lífeyrissjóðskrafna. Ljóst er að árangur breytinganna getur sveiflast milli ára, eftir fjölda og umfangi gjaldþrota hverju sinni.
I. Annað	
J. Fylgiskjöl	
1.	Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2.	Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.